

D Ó M U R

Mál þetta var höfðað með stefnu birtri 17. september 2014 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 23. október sl. Stefnandi er Festir ehf., Kjalarvogi 7-15, Reykjavík. Stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík.

Í endanlegri kröfugerð sinni krefst stefnandi þess aðallega að stefnda verði gert að greiða stefnanda 381.556.618 krónur, en til vara 286.897.000 krónur, í báðum tilvikum með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 5. júní 2014 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu en til vara lækkunar á kröfum stefnanda. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins var því lýst yfir að með hliðsjón af endanlegri kröfugerð stefnanda væri ekki lengur tölulegur ágreiningur með aðilum.

Helstu ágreiningsefni aðila

Meginágreiningur aðila snýr að því hvort við endurútreikning tiltekinna lána, upphaflega samkvæmt þremur lánessamningum sem bundnir voru ólögmatrí gengistryggingu, hafi borið að taka tillit til fullnaðarkvittana vegna þeirra sammingsvaxta sem stefnandi hafði þegar greitt. Ef fallist er á sjónarmið stefnanda að þessu leyti telur hann sig eiga rétt á frekari leiðréttingu með hliðsjón af því að umrædd lán voru greidd upp með lánnum í íslenskum krónum sem urðu hærri fyrir þá sök að ekki var tekið tillit til fullnaðarkvittana fram að þessu tímamarki. Gegn mótmælum stefnda, telur stefnandi sig þannig hafa greitt stefnda hærri fjárhæðir í vexti og verðtryggingu af hinum nýju lánnum í íslenskum krónum en honum bar. Ekki er um það deilt að stefndi hafi tekið við réttindum og skyldum lánveitanda af Landsbanka Íslands hf. vegna þeirra lána sem málið lýtur að, sbr. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008. Einnig er ágreiningslaust að stefnandi hafi tekið við réttindum og skyldum lántakans, Festingar ehf., vegna umræddra samninga sem síðar greinir nánar.

Yfirlit um málsatvik

Hinn 20. október 2006 gerði Ræsir hf. lánessamning við Landsbanka Íslands hf. að jafnvirði 320 milljóna króna (samningur nr. 106-36-5991) í nánar tilteknum erlendum myntum. Lánið átti að endurgreiðast á 25 árum, með 300 jöfnum greiðslum á eins mánaðar fresti. Vextir skyldu miðast við LIBOR að viðbættu 2,25% álagi og greiðast mánaðarlega eftir á á umsömdum gjalddögum, sbr. 3. gr.

samningsins. Með viðauka við samninginn yfirtók Festing ehf., skyldur lántaka samkvæmt samningnum frá og með 31. júlí 2008.

Hinn 29. ágúst 2007 gerði Ræsir Fasteignir hf., lánsamning við Landsbanka Íslands hf. að jafnvirði 255 milljónir króna (samningur nr. 0106-36-9189) í nánar tilteknum erlendum myntum. Lánið átti að endurgreiðast á fimm árum, með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, þannig að á fyrstu 59 gjalddögum, hverjum um sig, bar að greiða 1/300 hluta lánsupphæðarinnar, en á lokagjalddaga, 5. ágúst 2012, bar að greiða 241/300 hluta. Vextir skyldu miðast við LIBOR að viðbættu 2% álagi og greiðast mánaðarlega eftir á á umsömdum gjalddögum, sbr. 3. gr. samningsins. Með viðauka við samninginn yfirtók Festing ehf., skyldur lántaka samkvæmt samningnum frá og með 31. júlí 2008.

Hinn 25. febrúar 2008 gerði Festing ehf., lánsamning við Landsbanka Íslands hf. að jafnvirði 800 milljóna króna (samningur nr. 106-36-11469) í nánar tilteknum erlendum myntum. Lánið átti að endurgreiðast á fimm árum, með 60 afborgunum á eins mánaðar fresti, þannig að á fyrstu 59 gjalddögum, hverjum um sig, bar að greiða 1/300 hluta lánsupphæðarinnar, en á lokagjalddaga, 1. mars 2013, bar að greiða 241/300 hluta. Vextir skyldu miðast við LIBOR að viðbættu 2,15% álagi og greiðast mánaðarlega eftir á á umsömdum gjalddögum, sbr. 3. gr. samningsins.

Með samningi 24. september 2010 um fjárhagslega endurskipulagningu Festingar ehf., milli stefnda og Festingar ehf. samþykkti stefndi 25% höfuðstólslækkun lána nr. 5991, 9189 og 11469. Höfuðstólslækkunin fór þannig fram að Festingu ehf. voru veitt tvö ný lán í íslenskum krónum til uppgreiðslu eldri lána og samhliða tekið mið af umræddri höfuðstólslækkun. Í kjölfarið töldust fyrrgreind lán uppgreidd. Við höfuðstólslækkun var á því byggt að um lögmætar skuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum væri að ræða. Er ekki um það deilt að téð lán hafi ætíð verið í skilum af hálfu lántaka.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 var á það fallist af hálfu stefnda að fyrrgreind þrjú lán hefðu falið í sér óheimila gengisbindingu. Með bréfi 11. október 2011 var Festingu ehf. tilkynnt að lánin hefðu verið endurútreiknuð til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010, sbr. lög nr. 38/2001, og dóm Hæstaréttar 16. september 2010 í máli nr. 471/2010, þannig að skuldbindingarnar, í íslenskum krónum, bæru frá öndverðu vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt endurútreikningi taldist Festing ehf. eiga inneign, samtals að fjárhæð 38.537.123 krónur, sem ráðstafað var til lækkunar annars þess láns í íslenskum krónum sem félagið hafði tekið vegna uppgreiðslu gengistryggðu lánanna.

Í kjölfar dóma Hæstaréttar 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011, 18. október 2012 í máli nr. 464/2012 og 30. maí 2013 í máli nr. 50/2013 kveðst stefnandi, sem nú hafði tekið við réttindum og skyldum sem lántaki, hafa haft samband við stefnda vegna frekari endurútreiknings á umræddum lánnum. Er þessu til stuðnings vísað til tölvupóstsamskipta frá september 2013. Með bréfi 29. apríl 2014 sendi stefnandi stefnda kröfubréf þar sem sá síðarnefndi var krafinn um endurgreiðslu vegna þess sem ofgreitt hefði verið af framangreindum lánessamningum með vísan til sjónarmiða um fullnaðarkvittanir. Þá var jafnframt gerð krafa um endurgreiðslu vegna ofgreidds fjár þar sem lánsfjárhæð lána í krónum sem tekin voru 24. september 2010 hefði verið of há og þar með borið of háa vexti og verðbætur.

Ekki var um að ræða munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn aðallega á því að félagið hafi átt rétt á frekari leiðréttingu á höfuðstól fyrrgreindra þriggja lána í október 2011, þegar lánin voru leiðrétt vegna ólögmætrar gengistryggingar, með vísan til sjónarmiða um fullnaðarkvittanir. Miðast varakrafa stefnanda við að hann eigi rétt á því að fá þessa fjárhæð, sem ekki er tölulegur ágreiningur um, greidda úr hendi stefnda. Stefnandi vísar hins vegar einnig til þess að afleiðingin af röngum endurútreikningi stefnda hafi orðið sú að nýrra lána í íslenskum krónum, sem notuð voru til að greiða upp eldri gengistryggðu lánin samkvæmt samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu 24. september 2010, hafi orðið of hár. Stefnandi hafi því greitt hærri vexti og verðbætur af þessum lánessamningum frá 1. júlí 2010 til 5. júní 2014. Miðast aðalkrafa hans við að hann eigi einnig rétt á því að stefndi bæti honum þessar ofgreiðslur. Svo sem áður greinir er ekki heldur tölulegur ágreiningur um aðalkröfu stefnanda. Með hliðsjón af úrlausn málsins er ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir sjónarmiðum aðila um aðalkröfu stefnanda eða tölulegum útreikningum þeirra, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi vísar til þess að viðurkennt hafi verið að áðurlýstir lánessamningarnir hafi falið í sér ólögmæt ákvæði um gengistryggingu. Sé skilyrðum fullnægt til að víkja frá reglunni um fullar efnidir kröfuhafa með vísan til þess að stefnandi hafi fengið fullnaðarkvittanir fyrir greiðslu vaxta. Að því er varðar aðalkröfu stefnanda beri að gera stefnanda að öllu leyti eins settan og ef skuldin hefði verið rétt reiknuð.

Byggt er á því að hver greiðsla vaxta á grundvelli lánessamninganna hafi verið fullnaðargreiðsla og hafi stefndi ekki getað krafist frekari vaxta úr hendi stefnanda. Fyrirvaralaus móttaka stefnda á greiðslum vegna lánessamninganna þriggja hafi jafngilt fullnaðarkvittun. Þegar atvik þessa lánessamninga séu virt í

heild sinni standi það stefnda nær en stefnanda að bera þann vaxtamun sem hafi orðið vegna þess að lánin innihéldu ákvæði um ólögmæta gengistryggingu. Með fyrirvaralausri móttöku stefnda á greiðslum stefnanda hafi stefnandi verið í góðri trú um að greiðslum væri að fullu lokið og haft réttmæta ástæðu til að ætla að félagið væri búíð að gera upp lánin að þessu leyti. Stefnandi byggir jafnframt á því að lög nr. 151/2010 um breytingu á lögum nr. 38/2001, geti ekki ráðið niðurstöðu þessa álitaefnis, þar sem þau geti ekki með afturvirkum hætti breytt reglum um efni og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt. Umrædd lög hafi tekið gildi hinn 18. desember 2010 en krafa stefnanda eigi rætur að rekja til greiðslna sem áttu sér stað fyrir það tímamark.

Stefnandi vísar til þess að stefndi, og forveri hans, sé fjármálafyrirtæki sem starfi á lánamarkaði og hafi þar boðið viðskiptavinum upp á lán með ólögmætri gengistryggingu. Stefnandi býi ekki yfir sérfræðipækkingu á gjaldeyrisviðskiptum og hafi enga sérfræðinga við gerð lánsamninga innanborðs. Það hafi staðið stefnda nær en stefnanda að gæta að því að lánsamningarnir væru í samræmi við lög og bera áhættuna af því ef svo væri ekki.

Vísað er til þess að stefnandi, og þar áður Festing ehf., hafi innt skilvíslega af hendi greiðslur afborgana og vaxta frá 31. júlí 2008 til 1. júlí 2010 af umræddum lánum og þar til þau voru endurfjármögnuð með hinum lánunum. Hafi því verið komin festa á greiðslur afborgana og vaxta á þessu tímabili. Umframfjárhæðin, þ.e. munurinn á þegar greiddum samningsvöxtum annars vegar og svonefndum seðlabankavöxtum sé umtalsverður, bæði þegar litið sé til fjárhæðarinnar sem hlutfalls af greiddum vöxtum og einnig sem hluta af höfuðstól lánanna sem og efnahags stefnanda. Í öllum tilvikum megi fullyrða að umframfjárhæðin sé umtalsverð miðað við höfuðstól lánanna og mjög íþyngjandi fyrir stefnanda að standa skil á henni. Samkvæmt útreikningum stefnanda nemur umframfjárhæðin 177.589.000 krónum vegna lánsins að jafnvirði 800 milljónir króna og 166.587.000 krónum vegna lánanna að jafnvirði 255 og 320 milljónir króna. Samkvæmt öllu þessu hafi stefnda verið óheimilt að krefja stefnanda afturvirkum um frekari vexti og standi það honum nær að bera þann vaxtamun sem hér um ræði.

Kröfur sínar byggir stefnandi á meginreglum kröfu- og samningaréttar, á sjónarmiðum um endurgreiðslu ofgreidds fjár og á sjónarmiðum um gildi fullnaðarkvittana. Einnig er byggt á meginreglum skaðabótaréttar, sjónarmiðum um óréttmæta auðgun og ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Af hálfu stefnda er á því byggt að ekki séu uppfyllt lagaskilyrði fyrir endurheimt ofgreidds fjár. Hins vegar hafi stefndi átt rétt til fullra efnda, þ. á m.

ógreiddra samningsvaxta. Fyrrgreindir endurútreikningar stefnda hafi verið í samræmi við lög nr. 38/2001, eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010, sem og fordæmi Hæstaréttar. Stefnda hafi verið heimilt að taka skuld samband aðila upp með téðum endurútreikningum enda hafi hann að fullu tekið tillit til inneignar vegna þeirra ofgreiðslna sem mynduðust vegna ólögmatrar gengistryggingar. Ekki hafi verið um það að ræða að stefndi hafi auðgast á kostnað stefnanda heldur fremur hið gagnstæða.

Stefndi byggir einnig á því að með viðtöku endurútreiknings og greiðslum á grundvelli þeirra í október 2010, svo og uppgjöri lánanna, hafi stefnandi firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur um endurgreiðslur síðar. Stefndi hafi fengið höfuðstól lánanna færðan niður um 25% og því næst greitt hann upp með töku nýrra lána. Vísar hann til þess að sá fyrirvari sem stefnandi gerði í samkomulagi um skuldauppgjör 24. september 2010 hafi ekki verið nægilega skýr og afmarkaður. Stefndi hafi því ekki verið í vondri trú við móttöku greiðslna stefnanda sem fólust í því að hann tók tvö ný lán og gerði upp fyrri lán. Einnig vísar stefndi til tómlætis stefnanda eftir að endurútreikningur lá fyrir.

Verði allt að einu litið svo á að stefnandi eigi hugsanlega viðbótarkröfurétt á hendur stefnda telur stefndi lagaskilyrði ekki uppfyllt að þessu leyti. Stefndi vísar til þess að meginreglan sé sú að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Frá meginreglunni gildi sú undantekning að fullnaðarkvittun geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að kröfuhafi glati viðbótarkröfu sinni. Tilkalli kröfuhafa til viðbótargreiðslu verði þó einungis hafnað við sérstakar aðstæður og beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé.

Stefndi telur að einstökum skilyrðum fyrir því að unnt sé að byggja á fullnaðarkvittunum sé ekki fullnægt. Stefndi hafi ekki með réttu getað litið svo á að greiðslur væru fullnægjandi þó að sá þáttur skuldarinnar, þ.e. lánsmyntin, sem ótvírætt var forsenda vaxtanna, ætti eftir að sæta endurskoðun. Stefndi hafi ekki getað dulist samhengið á milli mynttilgreiningar og vaxtaviðmiðunar. Stefndi vísar til stærðar, umfangs og sérfræðipækkingar stefnanda. Stefndi verði ekki talinn geta hafa litið svo á með réttu að greiðslur væru fullnægjandi.

Stefndi vísar til þess að meginhluti skuldbindinga stefnanda hafi verið óefndur þegar kom að endurútreikningi. Um hafi verið að ræða greiðslur af tiltölulega litlum hluta af höfuðstól enda hafi átt að greiða höfuðstólinn upp að langmestu leyti á gjalddaga. Því hafi skort á tilskilda festu. Einnig sé hlutfall viðbótarkröfu óverulegt eða einungis á bilinu 11,7% til 12,8% ef miðað er við hlutfall af framreiknuðum höfuðstól lánanna á endurútreikningsdegi.

Stefndi leggur á það áherslu að ekki megi á neinn hátt jafna viðbótarkröfum þeim sem beint var að Festingu ehf. til óhagræðis sem einstaklingur eða lítið fyrirtæki yrði fyrir vegna óvæntrar kröfu um verulega viðbótargreiðslu. Festing ehf. hafi verið umsvifamikið rekstrarfélag, einkum á sviði innflutnings og viðskipta almennt, og verði stöðu þess á engan hátt jafnað við dreifbýlissveitarfélag. Staða Festingar ehf. til að bregðast við kröfu um fullar efndir hafi því verið allt önnur og mun betri en almennt megi ráðgera varðandi einstaklinga, minni fyrirtæki eða sveitarfélög. Festing ehf. hafi einnig verið í aðstöðu til að hafa áhrif á einstök atriði í skilmálum lánsamninganna og jafnframt hafði félagið brýnt tilefni til að leita sér allrar nauðsynlegrar sérfræðiaðstoðar við samningsgerðina. Hafi því ekki verið um að ræða yfirburðastöðu annars aðila í samnings sambandinu. Festing ehf. teljist auk þess hafa verið stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða þegar endurútreikningur fór fram og hafi félagið raunar verið í hópi stærstu fyrirtækja landsins á þeim tíma, hvort sem miðað er við veltu eða hagnað. Hið sama eigi við um stefnanda. Er í þessu sambandi vísað til þess að samkvæmt ársreikningi Festingar ehf. fyrir árið 2011 voru rekstrartekjur félagsins tæplega 1 milljarður króna en hagnaður ársins tæplega 380 milljónir króna. Þá voru eignir taldar nema um 17 milljörðum króna. Að mati stefnda verður hér einnig að líta til umfangs og stærðar þeirrar samstæðu sem Festing ehf. tilheyrði, þ.e. til eigna og tekna móður- og dótturfélaga Festingar ehf., sem jafna megi að þessu leyti við tekjur og eignir Festingar ehf. Í því sambandi er meðal annars vísað til framlagðra upplýsinga um efnahag og rekstur íslenskra og erlendra dótturfélaga Festingar ehf. á því tímamarki sem hér skiptir máli. Einnig er vísað til þess að Festing ehf. hafi verið dótturfélag SMT Partners B.V. Hvort sem fallist er á að líta beri til móður- og dótturfélaga Festingar ehf. telur stefndi að stefnandi sé svo stórt fyrirtæki að það geti ekki fallið undir undantekningu frá umræddri meginreglu um rétt kröfuhafa til fullnaðarefnda.

Stefndi bendir einnig á að líta verði til þess hvert raunverulegt óhagræði skuldarans af viðbótargreiðslu sé. Í málinu liggja fyrir að Festing ehf. hafi þegar greitt kröfur stefnda sem mynduðust á grundvelli 4. gr. laga nr. 38/2001 þegar tekin voru tvö ný lán til endurfjármögnunar. Því sé ljóst að viðbótarkröfur stefnda hafi á engan hátt valdið verulegu óhagræði í þeim skilningi sem hér ber að leggja til grundvallar, eða að kröfurnar hafi verið svo íþyngjandi að þeim hafi ekki mátt beina að skuldara við endurútreikninginn.

Stefndi mótmælir vaxtakröfum stefnanda. Krafa um vexti samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 eigi sér enga stoð, hvorki í lögum nr. 38/2001 né fyrir eða eftir gildistöku laga nr. 151/2010. Lögum nr. 151/2010 verði auk þess ekki beitt með afturvirkum hætti. Lögjöfnun frá lögum nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta sé ekki tæk. Þá eigi 8. gr. laga nr. 38/2001 ekki við, enda krafa stefnanda ekki

reist á því að um skaðabætur sé að ræða og ekki sé um skaðabótaskylda háttsemi að ræða.

Niðurstaða

Í máli þessu er ágreiningslaust að með samkomulagi 24. september 2010 um fjárhagslega endurskipulagningu sem meðal annars fól í sér útgáfu tveggja verðtryggðra skuldabréfa í íslenskum krónum, sem skyldu bera vexti frá 1. júlí 2010, greiddi Festing ehf. upp þrjú fyrrgreind skuldabréf sem bundin voru ólögumætri gengistryggingu. Með samkomulaginu var höfuðstóll téðra lána lækkaður um 25% og hafði þá verið tekið tillit til þess að líta bar á lánin sem lán í íslenskum krónum sem ekki tækju breytingum í takt við erlenda gjaldmiðla. Í lok 1. gr. samkomulagsins var gerður svonefndur allsherjarfyrirvari um lögumæti þeirra lána sem gerð voru upp með þessum hætti, meðal annars á þá leið að stefnandi fyrirgerði í engu rétti til að leita úrlausnar dómstóla „um lögumæti fyrrnefndra lána, um lagalega stöðu, forsendur og skyldur sínar sem skuldara, að koma að öllum tengdum kröfum og kröfugerð hverju nafni sem nefnist [...]“. Að mati dómsins getur ekki farið á milli mála að með téðum fyrirvara áskildi Festing ehf. sér meðal annars rétt til að hafa uppi kröfu með vísan til þess að félagið hefði fengið útgefnar fullnaðarkvittanir fyrir greiðslu sammingsvaxta sem grundvallast höfðu á hinni ólögumætu gengistryggingu. Verður því hafnað þeirri málsástæðu stefnda að Festing ehf. hafi gefið út umrædd tvö skuldabréf án nægilegs fyrirvara um hugsanlegan rétt sinn á grundvelli fullnaðarkvittana fyrir greiðslu vaxta. Með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar hafa verið til skuldara gengistryggðra lána í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 30. janúar 2014 í máli nr. 544/2013, verður enn fremur ekki á það fallist að Festing ehf. eða stefnandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti í kjölfar endurútreiknings stefnda 11. október 2011 að krafa á þessum grundvelli hafi fallið niður af þeim ástæðum.

Dómurinn telur fram komið að hlutfall viðbótarkröfu stefnda vegna afturvirks útreiknings vaxta samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 hafi í sjálfu sér verið umtalsvert hvort sem litið er til höfuðstóls lánanna, heildarvaxtagreiðslna eða einungis þeirra fjárhæða sem hér var um að ræða. Þá verður ekki á það fallist með stefnda að um hafi verið að ræða svo fáar greiðslur, þegar litið sé til heildarfjölda afborgana lánanna, að ekki hafi myndast nægileg festa í lögskiptum aðila að þessu leyti. Í málinu er hins vegar til þess að líta að árið 2010, þegar endurútreikningur fór fram, námu eignir samstæðu stefnanda u.þ.b. 16,6 milljörðum króna, heildartekjur 3,5 milljörðum króna, en hagnaður nam u.þ.b. einum milljarði króna. Árið 2011, þegar endurútreikningur fór fram, námu tekjur samstæðunnar rúmlega 1,8 milljarði króna, eignir rúmlega 17 milljörðum króna og

hagnaður nam rúmlega 380 milljónum króna. Er þannig ljóst að samstæða stefnanda er stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða og gildir þá einu þótt ekkert liggi fyrir um erlent móðurfélag stefnanda. Haggar það ekki þessu þótt stefnandi, sem er eignarhaldsfélag, hafi á að skipa tiltölulega fáum starfsmönnum.

Þeir samningar um var að ræða í máli þessu námu samtals 1.375.000.000 krónum að höfuðstól og bera þess vott að vera sniðnir að þörfum viðkomandi skuldara. Verður þessum samningum því ekki jafnað við þá stöðluðu samninga sem lutu að mun lægri fjárhæðum og um var deilt í því máli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar 6. nóvember 2014 í máli nr. 110/2014. Einnig verður að leggja til grundvallar að Festing ehf. hafi í krafti fjárhagslegs styrkleika síns verið í góðri aðstöðu til að leggja mat á kosti og galla þess að taka lán sem fylgdi gengi erlendra gjaldmiðla. Þá verður að horfa til þess að endurútreikningur stefnda leiddi ekki til þess að stefnandi væri skyndilega krafinn um sérstakar eða auknar greiðslur, heldur var þvert á móti um það að ræða að höfuðstóll lána var færður niður á grundvelli endurútreiknings stefnanda. Er þannig ekki komið fram í málinu að greiðslubyrði Festingar ehf. hafi aukist í framhaldi af endurútreikningi og töku hinna nýju lána heldur benda gögn málsins fremur til hins gagnstæða.

Að virtum öllum framangreindum atriðum þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að áskilnaður stefnda um vexti samkvæmt 1. málslíð 4. gr. laga nr. 38/2001 til samræmis við ákvæði laga nr. 151/2010 hafi valdið honum svo verulegri og óvæntri röskun á fjárhagslegri stöðu að það standi stefnda nær að bera áhættuna af þeim vaxtamun sem áður er lýst, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar 15. október 2015 í málum nr. 34 og 35/2015. Eru því ekki uppfyllt skilyrði til að víkja frá téðum fyrirmælum laga nr. 38/2001 viðvíkjandi endurútreikningi gengistryggðra lána með vísan til fyrrgreindra ákvæða 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995, og áðurlýstrar reglu kröfuréttar um fullnaðarkvittanir. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af vafaatriðum málsins þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnlaugur Úlfsson hdl.

Af hálfu stefnda flutti máli Andri Árnason hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfu stefnanda, Festis ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon

